

Fimmtudaginn 30. júní 1994.

Nr. 269/1994.

Ingibjörg Fanney Hákonardóttir

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Skaðabótamál. Málsástæður. Res judicata. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1994, sem barst réttinum 8. júní sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdómara og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili kaus að leggja mál sitt fyrir dómstóla með ákveðnum hætti rúmu ári eftir slysdag og byggði á hefðbundnum gögnum um örorku og verðmæti tapaðra vinnutekna og lífeyrisréttinda. Úrlausn héraðsdóms 19. febrúar 1991 var í samræmi við áratugalanga dómvenju, og var henni ekki áfrýjað. Sóknaraðili getur ekki byggt kröfugerð sína nú vegna sama tjónsatviks á nýrri málsástæðu um óvinnufærni, enda hefur grundvöllur fyrra örorkumats, er málsúrslit réðust áður af, ekki raskast sóknaraðila í óhag, svo að séð verði. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Eftir atvikum verður kærumálskostnaður látinn falla niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Sóknaraðili slasaðist við vinnu í niðursuðuverksmiðju á Akureyri 29. mars 1989, er hún brotnaði illa um hægri ökkla, og hefur hún fengið af þessu varanlegt mein. Vorið 1990 höfðaði hún mál á bæjarþingi Akureyrar gegn vinnuveitanda sínum og varnaraðila til greiðslu bóta fyrir fjártjón og miska af völdum slyssins og þá einkum vegna þeirrar skerðingar á aflahæfi hennar, sem af því hefði leitt. Nam krafa hennar samtals 10 milljónum króna. Kröfunni til stuðnings lagði hún fram örorkumat, er Björn Önundarson læknir framkvæmdi að beiðni hennar 8. janúar 1990. Var tímabundin örorka þar talin 100% í 6 1/2 mánuð og 50% í 1 mánuð eftir slysið, en varanleg örorka metin 20%. Samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings 26. febrúar 1990 taldist verðmæti tapaðra vinnutekna og lífeyrisréttinda sóknaraðila vegna þessa orkumissis nema 3.464.652 krónum á slysdegi miðað við tekjur hennar sjálfrar næstliðin 3 ár.

Í forsendum að örorkumatinu sagði læknirinn meðal annars: „Þannig mun þessi aðeins tæplega þrítuga kona á komandi tíð eiga í erfiðleikum með störf sem krefjast þess að hún standi mikið eða gangi . . . verður að telja ótvírætt, að til ótímabærra slitbreytinga komi um hægri ökklaðið slösuðu. Hvenær til slíkra breytinga kann að koma eða í hve miklum mæli þær kunna að verða verður nú ekki sagt. Tíminn einn mun leiða það í ljós. Víst er þó, að brot af þessu tagi eru ávallt erfið í meðferð og nær undantekningarlítið fylgja þeim slitbreytingar á liðflötum sem skaddast. – Með tilliti til þess sem að framan greinir þó svo ekki sé fullt ár liðið frá því áður nefnt slys átti sér stað þar sem ekki verður séð að um frekari bata á afleiðingum þess verði hér eftir að ræða þykir ekki óeðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss . . .“

Með dómi bæjarþingsins 19. febrúar 1991 var því slegið föstu, að vinnuveitandi sóknaraðila bæri óskerta ábyrgð á tjóni hennar af slysinu. Jafnframt voru henni ákvarðaðar fébætur fyrir það, og sagði svo um þær í forsendum dómsins: „Með hliðsjón af framangreindum örorkutjónsútreikningi og að teknu tilliti til frádráttar greiðslu

til stefnanda að fjárhæð kr. 1.406.986,00, skattfrelsis bótanna, hag-ræðis af eingreiðslu þeirra og annarra þeirra atriða er hér skipta máli svo sem sjúkrasögu stefnanda, sem að framan er lýst, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 1.200.000,00, þar af miskabætur kr. 300.000,00.“ Dóminum var ekki áfrýjað.

Sóknaraðili hefur nú höfðað nýtt mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra gegn varnaraðila, þar sem hún krefst frekari bóta vegna slyssins. Nema dómkröfur hennar samtals 13.800.000 krónum, þar af 12.144.900 krónum vegna örorkutjóns, og eru fyrri bætur þar ekki frá dregnar. Áður hafði hún beint tilmælum til varnaraðila um endurskoðun á bótunum með bréfum 16. október 1992 og 28. september 1993. Er fyrra bréfið ritað í framhaldi af því, að Sigurjón Sigurðsson tryggingalæknir hafði hinn 1. sama mánaðar metið sóknaraðila 65% öryrkja með tilliti til örorkubóta úr lífeyrstryggingum frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 12. gr. þágildandi laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, en sú örorka veitti rétt til örorkustyrks.

Til að kröfur sem þessar komi til álitu, verður sóknaraðili að leiða raunhæfar líkur að því, að forsendur að bótaákvörðun dómsins hafi brostið eða breyst í svo afdrifaríku tilliti, að ætla megi, að afleiðingar slyssins séu verulegum mun alvarlegri en áður varð séð fyrir. Jafnframt verður hún að sæta því, að sakarefni, sem þegar er um dæmt, verði ekki borið aftur undir sama eða hliðsettan dómstól, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.

Því er og haldið fram af hálfu sóknaraðila, að heilsutjón hennar af slysinu hafi orðið meira en hún gat gert sér grein fyrir, jafnframt því sem óvinnufærni hennar hafi verið stórlega vanmetin. Kröfur hennar eru þó ekki studdar öðru en nýju örorkumati Stefáns Ingvasonar, sem til er vitnað í hinum kærða úrskurði. Er læknisfræðileg örorka hennar, er læknirinn nefnir svo, þar talin nema 15%, en örorka vegna óvinnufærni meiri en 75%, og nefnir læknirinn það almenna örorku. Af matinu verður ekki séð, hvort heilsufar sóknaraðila hafi breyst frá þeim tíma, er afleiðingar slyssins voru fyrst metnar. Jafnframt er óljóst, hvaða samhengi kann að vera milli þessa mats og örorkumats Björns Önundarsonar og hvort mat hans er að öllu leyti læknisfræðilegt í þeim skilningi, er hinn læknirinn miðaði við. Enn fremur verður að ætla, að mat Björns hafi einvörðungu verið haft til hliðsjónar á bæjarþinginu, eins og forsendur

dómsins gefa til kynna, þar sem það var hlutverk dómarans sjálfs, en ekki læknsins, að ákvarða umfang fébótanna til sóknaraðila.

Í hinum kærða úrskurði er á því byggt, að með síðara örorkumatinu sé sóknaraðili að færa fram nýja málsástæðu varðandi tjón sitt, sem henni hefði verið unnt að hafa uppi í fyrra málinu. Ekki liggur í augum uppi, að ástæðan sé ný, en hvað sem því líður, eru kröfur hennar nú svo vanreifaðar, að efnismeðferð á þeim kemur ekki til greina. Ber þannig að staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara, að málinu verði vísað frá dómi. Rétt er, að kærúmálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. maí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávisunarkröfu stefnda, hefur Ingibjörg Fanney Hákonardóttir, kt. 270560-3859, Keilusiðu 12 C, Akureyri, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 10. janúar 1994, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefnda greiði stefnanda kr. 13.800.000,00 með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. mars 1989 til uppsögu héraðsdóms, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn ári eftir uppsögu dómsins. Þá er krafist málskostnaðar skv. reikningi og að mati héraðsdómsins.

Stefnda krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara að stefnda verði sýknað í málinu. Í báðum tilvikum er gerð krafa um að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts, og jafnframt, að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að stefnandi hafi slasast við vinnu sína hjá K. Jónssyni og Co. hf., Akureyri, hinn 29. mars 1989. Hafi hún þá verið metin til 20% varanlegrar örorku. K. Jónsson og Co. hf. hafi verið með ábyrgðar- og slysatryggingu launþega hjá stefnda á þeim tíma er slysið varð. Ágreiningur hafi orðið um bótaskyldu og hafi verið rekið mál um þann ágreining fyrir bæjarþingi Akureyrar og dómur í því máli kveðinn upp 19. febrúar 1991. Hafi öll sök verið lögð á K. Jónsson og Co. hf. og stefnanda tildæmdar kr. 1.200.000,00 með vöxtum og kostnaði. Dómi þessum hafi ekki verið áfrýjað og hafi stefnda gert tjónið upp samkvæmt dómnum.

Þvert á vonir stefnanda hafi líðan hennar farið versnandi. Hafi stefnandi ekki getað stundað vinnu og sé nú óvinnufær. Hafi Stefán Ingvason, sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, metið örorku stefnanda að

nýju og sé niðurstaða hans sú að óvinnufærni stefnanda nú sé meiri en 75% og að $\frac{3}{4}$ hlutum vegna slyssins. Á grundvelli matsins hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknað örorku stefnanda, og teljist honum tjónið vera kr. 12.144.900,00. Stefnda hafi ekki fengist til að endurupptaka málið og sé málsókn því nauðsynleg.

Kveðst stefnandi reisa fjárkröfur sínar á almennum skaðabótareglum, en bótaskyldu hafi verið slegið fastri með fyrrgreindum héraðsdómi.

Par sem K. Jónsson og Co. hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 11.03. 1993, sé kröfu beint að stefnda samkvæmt E-kafla váttryggingasamningalaga nr. 20 8. mars 1954, einkum 95. gr.

— — —

Í hinu fyrra máli aðila byggði stefnandi kröfur sínar á örorkutjónsreikningi sem miðaður var við hið læknisfræðilega örorkumat sem þá var talið vera 20%. Í því máli lét stefnandi ekki meta örorku vegna óvinnufærni svo sem nú er gert og hafði því ekki uppi kröfur byggðar á slíku mati. Verður fallist á það með stefnda að hér sé um nýja málsástæðu að ræða sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á að ekki hafi verið hægt að hafa uppi í fyrra málinu. Verður samkvæmt framansögðu og með vísan til 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 að vísa málinu frá dómi.

Rétt er að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnað stefnanda, kr. 150.000,00, ber ríkissjóði að greiða, þar af kr. 100.000,00 í málsóknarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ásmundar S. Jóhannssonar hdl., og er virðisaukaskattur þá ekki með talinn.

Úrskurð þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, Ingibjargar Fanneyjar Hákonardóttur, kr. 150.000,00, þar af kr. 100.000,00 í málsóknarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ásmundar S. Jóhannssonar hdl., greiðist úr ríkissjóði.
